

Árnessýsla.

Þingvallahreppur.

Þingvallahraun.

1. Hvar og hvernig er Mjóafell og Mjóafellshraun?

Mjóafell fremra er fjallaröð austan við Lágafell. Innst er Gatfell svo Mjóafell innra. Þá kemur breitt skarð Goðaskarð. Um það lá austfirðingavegur til forna. Suðvestast af fjöllum þremur er fremra-Mjóafell.

Hraunið austur af Goðaskarði er þakið grámosa og lynggróðri, en við fremra-Mjóafell ber talsvert á birki-gróðri og þar er meiri grasgróður. Á því svæði er gamalt býli, Litla-Hrauntún, sem getið er, að mig minnir, í Jarðabók.

2. Hrafnagjá?

Sá gjársveimur byrjar inn við Brúnkolluhöfða,¹ sem er í vestur frá Prestastíg. Ber lítið á gjánni nema á köflum fram að Rauðshól, sem er ofan við Selstíg. Þaðan er gjáin samfelld að Arnarfelli, hverfur undir fellið, en kemur svo fram, framan við fjallið og hverfur inn í vatnið í Langatanga.

3. Hvernig er Hallstígur?

Hallstígur er stígur á Hrafnagjá norðvestan við Gjábakka, á landamörkum Arnarfells og Gjábakka. Yfir þann stíg lá sá forni vegur, sem lá upp með Sogi.

4. Hvar og hvernig er Hallvík?²

Hallvík, við sveitamennirnir könnuð ekki við annað nafn. Hallurinn er neðan við Hrafnagjá, frá Hallstíg að Gjábakkastíg, en þaðan að Klukkustíg voru brekkurnar undir vestari barmi Hrafnagjár kallaðar Rif. Þetta er svæðið sem Þingvallanefnd lét gróðursetja í, furu og barrplöntum árið 1959.

1 Á vélritinu stendur „Stórhöfða“ en því hefur verið breytt í „Brúnkolluhöfða“ með penna. Allnokkur pennainniskot eru í skránni og eru þau hér eftir skáletruð og lituð þeim penna sem notaður var. Sum staðar hefur hringur verið dreginn utan um tiltekin orð, hér er grár bakgrunnur settur bak við þau.

2 Örnefnið var vélritað „Hallvík“ en Kristján leiðrétti það með tússpenna og breytti í-inu í „i“. Allar vélritanir á örnefnum Hallviki og Vatnsviki í þessari skrá fengu sömu meðferð.

5. Vellankatla?

Vellankatla er norðaustasta vík vatnsins. Vellur mikil kalda-vermsla undan hrauninu, liggur vegurinn þar næst vatninu. Vatnsvík er aðeins norðar.

6. Endar hvaða gjáa eru Gjáarendar?

Gjáarendar eiga upptök sín ofan við Vellankötlum og liggja með fram vatninu í suðvestur og liggja fram í vatnið á breiðu nesi við Hallvík. Stærsta gjáin er Davíðsgjá, full af vatni.

7. Tjarnir?

Tjarnir liggja norðan við Vatnsvík, austan við þær liggur gamli Sogsvegurinn á leið til Þingvalla.³

8. Hvar er Þingvallahellir?

Þingvallahellar eru 2. Sá eldri er uppi í hallanum austur frá Vellankötlum en sá yngri sem fannst skömmu fyrir síðustu aldamót er norðan við Litlugjá, skammt fyrir ofan Skúta.

Sigurðarsel?

Sigurðarsel er skammt fyrir innan Klukkustíg, í allþykum skógi, skammt fyrir neðan Hrafnagjá, en á skógar- og beitarsvæði sem nytjað var frá Skógarkoti eða „Þórhallastöðum“.

Hellishæð?

Hellishæð sem er norðan við Sigurðarselsskóg. Þar er allstór fjárhellir, sem var síðast notaður veturinn 1920-21 fyrir sauði frá Skógarkoti, Laugarvatni og Efra-Apavatni, þann snjóþunga vetur.

9. Hvar og hvernig er Hábrún? Hábrún hvers? En Lágbrún?

Hábrún er svæði sem liggur frá Svínhólum, í suðvestur, hefur sömu stefnu og Hrafnagjá, allbreið spilda, vel viði vaxin og grösug. Hún nær vestur fyrir gamla Þingvallahelli og taka þar við hallar, viði vaxnir niður að vatninu. Norður af Hábrún miðri eru 2 strýtumyndaðir hólar sem heita Klukkuhólar. Niður af nyrðri hólum er annar lágur hóll, með velhlaðna vörðu, sem er kölluð Stekkjarvarða, en í vestur frá henni er all þétt skógarbelti, ekki mjög breitt, sem kallað var Lágbrún. Hún nær vestur að Mel, sem er langur klapparbali, austan við gamla Þingvallavegin, sem liggur að Skógarkoti.

³ Aftan á síðuna er ritað: Til Örligs. Farið var yfir Sogið sem rann í gegnum Álftavatn á móts við Torfastaði í Grafningi og þaðan upp með Sogi að austan. Svo um Miðfellsbraun í ferðamannahorn austarlega í Miðfellsfjalli, þaðan í Lögmannsbrekku rétt austan í Arnarfelli, þaðan á Hallstíg. Þetta var gamli Sogsvegur.

Mosalág?

Mosalág er allbreiður dalur, grámosa klæddur ofan á hrauni, að honum liggja Hríshöfðar að sunnan, Sláttubrekkur og Brunabrekkur að austan, Magnúsarklettaskógur að norðan og Mosalágarhæð að vestan.

Um Mosalág og bruna lá gata, fjárgata, frá Skógarkoti alla leið inn í Raftviðarhlíð. Meðan fært var frá var oft verið með kvíærnar inn við hlið eða í Gaphæðum, og því hélst gatan nokkuð glögg.

10. Hverjir voru hraunbúar?

Ég hygg að átt hafi verið við fólkið, sem bjó á Hrauntúni, Skógarkoti, Vatnskoti og Þingvöllum. Í daglegu tali var talað um hraunbæina.

11. Hvar er Hallvík? Er það sama og Hallvík?

Hef þegar svarað því. (Sjá 4. sp.)

12. Hvar var/er Veiðistígur? Hvert lá hann og hvaðan?

Veiðistígur er frá Gjábakka og lá yfir Hrafnagjá, góðan spöl innan við Hallstíg; og niður að vatninu að kletti sem heitir Krækjuklettur, hann gaf skjól fyrir öldunni. Og bátskæna geymd við klettinn.

13. Hvað var Fornasel?

Sjá um Arnarfell, frá Þingvöllum.

14. Er vitað um tilefni nafnanna Ólafsdráttur (er átt við veiðina á stóru svæði undir Halli, eða er átt við eina lögn, ákveðinn veiðistað?).

Að sögn eignaður Ólafi helga, sem var verndari Þingvallakirkju, um 50 m breitt svæði undan miðjum hallinum, er mikið hrygningarsvæði.

Böðvarshóll?

Ef farinn er vegurinn gamli fram hjá Vellankötlu að Gjábakka, kemur fyrst allstór klofinn hóll en um heitið eru engin svör.

(**Fjánhúsbrekkur**, ekki til)

Ámundahólar, (eru þeir margir, háir?).

Ámundahólar eða Ögmundarhólar eru austur frá Tjörnum, ávalir og skógivaxnir 5 eða 6 alls.

15. Hvar og hvernig er Litlagjá? Hvernig er Litlugjáarhóll?

Beint í austur frá Vatnsvíki framan við Hábrún er aflíðandi brekka, allbreið, skógivaxin. Um hana miðja liggur Litlagjá og nær rétt fyrir og um veginn í Vatnsvík í stefnu norð austur upp á Hábrún. Á henni miðri er stígur yfir gjána og þar fyrir ofan er nokkuð hár og klofinn hóll, Litlugjáarhóll.

16. Sést fyrir Nýjastekk enn? Er vitað, hvaðan hann var?

Er vitað, hvenær hætt var að færa frá á bæjunum þarna?

Nýjastekkur er í klofnum gjáhól, en með graskraga í kring. Var notaður frá Skógarkoti, (Þingvöllum, Hrauntúni og Vatnaskoti). Mun hafa verið hætt fráfærum fljótlega í fyrri stríði, en frá Skógarkoti var síðast fært frá 1925.

17. Hvernig er Nýi-Þingvallahellir?

Lágt undir loft og blautur.

18. Heitir brekkan Skúti eða er hellisskúti í brekkunni (hvernig er hann þá)? Eða heitir vörðubrotið Skúti?

Skúti er efst í brekkubrún. Frá Skúta er allbreiður slakki með stefnu á Vatnsvík c.a. 350 m. langur, grösugur, aðeins jarðsig efst.

19. Er vitað um tilefni nafnsins Klukkanhólar?

Klukkanhólar hafa á milli sín leifar af gömlum götum, sem lágu óljóst á köflum, frá Þingvöllum yfir Hábrún að Klukkustíg⁴ og þaðan suðaustur um sveitir.

(Hvernig er Viðarklettur? Dró hann nafn af skóginum?)

Ekkert svar. *Trúlega.*

20. Hvar eru Höfðar og hvernig?

Höfðar er sama svæði og Hríshöfðar. Höfðar var daglega nafnið.

Hvar eru Eyður?

Eyður liggja frá gamla Þingvallavegi á mótis við Mel, sem er langur klapparhóll, ekki mjög hár en sléttur að ofan.

Eyður hafa stefnu í vestur c.a. 150 m. breið spilda.

Hraunið gljúpt og því ekki haldist mikill gróður á því.

21. Heitir hallinn Sigurðarsel (sjá bls. 149. ofarlega)?

Er vitað um tilefni nafnsins?

Sigurðarsel er skógarsvæði, sem nær frá Rauðshól og Hrafnagjá norður í slakka, sem er sunnan við Svínhóla, vestur með Hellishæð og sameinast Hábrún þar sem nú er nýi þjóðgarðs-vegurinn.

4 Ritað er aftan á blaðsíðuna á undan: *Fyrsta leiðin sem lá frá Þingvöllum, lá um efri Velli yfir Háugjá á Sandhólana framhjá Þórhallastöðum, á milli Klukkanhóla og Klukkustíg yfir Hrafnagjá fyrsta færa leiðin til austur sveita.*

Skammt frá brekkunni og gjánni, er smá hellisskúti og tóft vel grösugt í kring, þar var selið frá Þórhallsstöðum og síðar Skógarkoti.

22. Hvernig er Klukkustígshóll?

Smá höfði með klofnum kletti efst.

23. Er hellir uppi á Hellishæð?

Frá Skógarkoti, fjárhellir.

24. Er vitað um tilefni nafnsins Þorkelsklettur?

Nei. (Hefur týnst það nafn ath.)

25. Hvernig er Ketilhöfðaklettur? En Ketilhöfði? Hvernig er hann? Er vitað af hverju þessi nöfn eru dregin?

Ketilhöfði er í austur og ofan við Hríshöfða. Allhár höfði vel gróinn að grasi og viði. Efst er stórgerður klettur klofinn austur vestur og hefur ef til vill verið skjól hey-skaparfólki.

26. Voru Sláttubrekkur slegnar? Frá Þingvöllum?

Sláttubrekkur liggja norðan við höfðann, trúlega frá Skógarkoti.

27. Er Magnúsarklettsskógur stór. Hvar er Magnúsarklettur sá, er skógurinn dregur nafn af? Er vitað um tilefni nafnsins? Hvernig var skógurinn nýttur þarna í hrauninu? Hefur gróðurfar breytzt þar á síðari árum, t.t.v. með tilkomu Þjóðgarðsins?

Magnúsarklettsskógur liggur norðan við Mosalág. Nær að Músarhólum, nær að Smalavörðu hún í vestur að nýja Þjóðgarðsveginum. Notaður til eldiviðar frá Skógarkoti.

Lágskógur hefur þéttst.

28. Flekkuhóll eða Flekkhóll? Er vitað um tilefni nafnsins?

Flekkuhóll er nokkuð breiður höfði í norður frá Hellishæð. Efst er klofinn klettur. Höfðinn vel gróinn, í norðaustur með honum sést vel fyrir gömlum götum, sem eru sunnan við Hellishæð og til Klukkustígs. Nafngiftin óljós.

29. Hvernig eru Selhólar? Við hvaða sel eru þeir kenndir?

Selhólar eru 2 velgrónir strýtumyndaðir hólar.

Trúlega sel frá Hrauntúni.

30. Gaphæðir eða Gapahæðir?

Gaphæðir eru í austur frá Selhólum, vestan við gjána Hrafnagjá. 2 hæðir með breiðum slakka á milli. Í honum miðjum er sérkennilegur hóll strýtumyndaður. Norðan í hólnum er glufa og þegar betur er að gáð er þar hellir inni. Vestan við hólinn er smá hellir. Var notaður fyrir fé frá Hrauntúni.

31. Er Grenhóll stór? Er gróður í honum? Var/er greni þar?

Grenhóll er vallgróinn smáhóll, grenhólar vestan í móti. Ekki verið í notkun á þessari öld.

32. Er vitað um tilefni nafnanna Svínhólar (eru þeir grónir)?

Svínhólar, um nafngift ekkert vitað. Þeir eru nokkuð háir strýtumyndaðir. Mikill skógur utan í þeim.

Rauðshóll?

Rauðshóll er ofan við Selstíg, klofinn af Hrafnagjá.

Gildruholt?

Gildruholt er ofan við Gildruholtsgjá. Dregur nafn af refa-gíldrum.

Prestastígur? Hvar er hann og hvert liggur hann?

Prestastígur er yfir gjá, sem kallast Hlíðargjá.

Vegurinn gegnum Reyðarkamb liggur upp og norðan Hrafnabjargarháls, framan við Stóra-Dimon, vestan undir Eldborgum, með fram Hrafnabjörgum að vestan, um flatir við norðvestur horn bjarganna. Þar í hrauninu eru gamlar bæjarrústir (samanb. jarðabók [Árna og Páls]). Áfram um hraunið að Prestastíg. Þar skiptust leiðir. Vestari leiðin lá um Víðivelli til Þingvalla, sú efri á Hofmannaflöt um Goðaskarð.

33. Endar Gaphæðargjá í Innri-Gaphæð?

Gaphæðargjá er framhald af Hrafnagjá og endar inn við Brúnkolluhöfða, sem er neðan við Prestastíg.

34. Hvar og hvernig er Hrafnabjargarháls?

Hrafnabjargarháls telst frá Hrafnabjörgum suðvestur um landið. Að norðan er Heiðagjá frá Hrafnabjörgum fram um Skógartögl, Mjóaneshraun og endar úti í vatni á nesi sem heitir Svínanes. (Sjá örnefnalýsingu frá Mjóanesi).

35. Hvernig er Hlíðarflgjár? Hvaða hlíð eru þeir kenndir við?

Söðulhólagjá er gjásveimur skammt fyrir innan, við Sandstgíg, sem er suðvestur af Skjaldbreið. Svo liggur gjáin suðvestur um hraunið austan við Mjóufjöll. Um Prestastíg breytist nafnið á gjánni. Eftir það heitir hún Hlíðargjá fram á Hlíðarfláa, svo Gildruholtsgjá fram á móts við Klukkuhól. Þá Bæjargjá, hverfur á kafla undir, þar sem Sogsvegurinn er, en kemur svo í ljós á Mjóaneshrauni, endar í vatninu í Latvík. (Sjá örnefnaskrá Mjóaness).

36. Gott væri að fá lýsingu á Söðulhólagjá. Hvar og hvernig eru þá Söðulhólar, þeir, er gjáin er við kennd?

Er vitað um tilefni nafnsins?

Söðulhólar er smá gosfjall sunnan við Sandgíg, trúlega lögun þess, sem ræður nafni.

37. Er vitað um tilefni nafnanna Raftahlíð, Prestahraun (hvar er það), Brúnkolluhöfði?

Gjáin, sem lýst er í sp. 35, heitir mörgum nöfnum. Undir vestari barmi hennar er, fremst innan við Gildruholt, Hlíðarfláar vel grösugir og hefur verið all mikill skógur þar. Svo kemur Hlíðarharun⁵ innan við það heitir Raftviðarhlíð og innar Prestastígur. Vestan við Prestastíg er úfið hraun, mikið mosavaxið, Prestahraun og nær að Brúnkolluhöfða.

38. Hvert og hvar liggur Hlíðarstígur?

Hlíðarstígur er smalastígur í austur frá Gaphæðum yfir Hlíðargjá.

39. Eru Einiberjahæðir grónar? Vex einir þar?

Einiberjahæðir eru með lágan lyng- og kjarrgróður, einir sést þar.

40. Sést enn fyrir Litla-Hrauntúni? Er vitað, hvenær var búið þar?

Sjá ferðabók Eggerts og Bjarna.⁶

41. Eru Háskygnirahólar margir? Eru þeir grónir?

Háskygnirahólar eru austan við Hrauntún. Þar er vel gróið land. Í mið hólnum er smá hellir, sunnan í móti. Þar er vatnsból, sem þrýtur sjaldan.

42. Mjóufell, Mjóufjöll eða Mjóafell? Er vitað um tilgang Mjóafellsvörðu? Er hún enn til?

Sem smalavarða.

43. Var Sláttubrekka slegin? Hvaðan? En Víðivellir?

Frá Hrauntúni.

44. Hvernig eru Grunnhólar? Er vitað, hvers vegna þeir heita svo?

Grunnhólar bera nafn af grynningum á allnokkru svæði framan við hólana.

⁵ Þarna hefur e.t.v. átt að standa „Hlíðarhraun“.

⁶ Hér er átt við umfjöllun í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 2. bindi, bls. 366.

45. Er vitað um tilefni nafnanna Nautatangar?

Hef engin skil á því nafni.

Öfugsnáði (hvernig er hann)? *Lögun tangans.*

Þuríðarvarða (er vitað um tilgang hennar? Sést fyrir henni enn?) *Já*
Sauðasteinar.

Smalaheiti.

Klifhólar (eru þeir skógarhólar?).

Klifhólar eru vestan við Tjarnir. Þar mótar fyrir gamalli götu. Þeir eru ekki mikið grónir.

(Fuglstapaþúfa) (hvernig er hún?)?

Smá hóll með þúfu efst.

46. Hvar lá Veiðigata?

Veiðigata liggur frá Skógarkoti niður að vatni, gatan endar á Öfugsnáða. *Þar var báta lægi.*

47. Var varða við Vörðuvík? Er vitað um tilgang hennar?

Austan við víkina er Þuríðarvarða.

48. Var ekki Dagmálavík eyktamark frá Vatnskoti?

Já.

49. Er Murtutangi sker? Hvernig er hann?

Fer nú í kaf, er hækkaði í vatninu.

50. Hvar er Melur? Og hvernig?

Lýst í sp. 20.

51. Er Stórustekkjavarða kennd við Gamlastekk?

Já.

Sést fyrir honum enn?

Já.

52. Er Ölkofradalur stór, gróinn? Hvar lá gatan að Ölkofra?

Hét hún einhverju nafni?

Ölkofradalur er vel gróinn alldjúpur með gamlan brunn.

Vestasti dalurinn, vestan undir Ölkofrahól.

53. Hvar er Goðaskógur? Er vitað, hvers vegna hann hét svo?

Nytjaður um þingtíma. *Í Raftviðarhlíð.*

54. Er Hellisvarða til enn? Er vitað, hvaða tilgangi hún hefur þjónað.

Nei. Hún vísaði á Skógarkotshelli.

55. Hvernig eru Gráuklettar? Komnir í gróður.

Mosavaxnir.

En Vaðmálsbali? Hvað er átt við með „hellubali“?

Vaðmálsbali er breiður klapparbali, sléttur, fram af tröðunum í Skógarkoti. Það var oft þurrkuð ull á klöppunum.

Hellubali er austan við Veiðigötu, sléttur og lítt gróinn.

56. Lá Vatnskotsgata frá Skógarkoti að Vatnskoti? Hvar lá hún?

Gatan lá frá Skógarkoti í suðvestur frá tröðunum.

C.a. 100 m út í hrauninu lá hún sunnan undir hól, Gjáhól.

Alldjúpar sprungur í hólnum, skammt vestar, er laut og brunnur, fénaðar vatnsból frá Skógarkoti.

57. Er vitað um tilefni nafnanna Möngudalur?

Möngudalur er eldra nafn en við höfum hugmynd um. Hann er alldjúpur en vel gróinn og var oft vatn í honum að vetri til, notað handa fénaði.

Harðhaus?

Harðhaus er hóll 15 m austan við bæjarhúsin á Skógarkoti. Þar var dreginn saman eldiviður til vetrarins, venjulega byrjað með 60 hestburði, hlaðið í köst. Hóllinn þótti erfiður að slá.

Þverhóll? Sand-Gíslahæð? Músarhólar? (eru þeir grónir?)

Þverhóll er austan við túnið, aðeins norðaustar en Skyggfir, nokkuð langur mosagróinn hóll sprunginn, þar fyrir austan við götuna, sem liggur um Mosalág er Sand-Gíslahæð.

Um tilefnið veit ég ekki.

58. Eru Brunnklettar rétt við brunninn? Eru þeir grónir að einhverju leyti?

Brunnklettar eru suðaustur frá fjárhúsunum, sem voru spöl austan við brunninn. 2 hólar, annar snýr norður-suður, sléttur að ofan, hinn er styttri og klofinn. All-djúp gróin laut túnmegin við þá.

59. Er vitað um tilgang Jafningja? Vegvísar að Hrauntúni?

Sést fyrir þeim enn?

Nei.

60-61. Hvernig eru Djúpudalir? Hvar lá hin gamla Hrauntúnsgata?

Djúpudalir eru norðan við götuna sem liggur að Hrauntúni um 150 m frá Skógarkoti. Þeir voru þrír.

Sá er næstur var götu, dýpstur vel gróinn. Sumargestir tjölduðu þar oft.

Kjarval dvaldi þar um tíma ein þrjú sumur.

62. Er vitað, hver tilgangur Gráuvörðu hefur verið?

En Smalavörðu? Sést fyrir þeim enn? Er vitað, hvers vegna þær voru nefndar svo?

Smalavarða og Gráavarða eru miðja vegu milli bæjanna Skógarkots og Hrauntúns. Annars eru smalavörður um allt hraunið.

63. Hvernig eru Hrútaklettar? Tilefni nafnsins?

Hrútaklettar eru skammt fyrir ofan Djúpudali. Er smala einkenni.

64. Er vitað, hvern tilgang Tvívörður hafa haft?

Nei.

Markvarða? Sést fyrir þessum vörðum enn, þ.e. Þorsteinsvörðu og Markvörðu? Hvaða lönd afmarkaði Markvarða?

Markvarða var merki á skógarnytjum milli Hrauntúns og Skógarkots. Varðan sést vel c.a. 300 m suðvestur frá túninu í Hrauntúni.

65. Er vitað um tilefni nafnsins Eyvindarhóll?

Ókunnugt um tilefni.

66. Eru eða hafa verið merki um kolagerð við Kolgrafarhól?

Tilefnið var að þar var gert til kola á árunum milli 1914 og 1920. Sést móta fyrir gryfjum.

67. Er vitað hver tilgangur eftirtalinna varða hefur verið.

Litla-Grímsvarða (tilefni nafnsins?), Þrívörður, Stórarvarða, (hvar er hún?), Litlavarða, Skyggisvarða, Hálfavarða (tilefni nafns)? Sést fyrir þeim enn?

Skyggisvarða er austan við túnið í Hrauntúni.

Þetta er hólaröð, sem snýr austur-vestur.

68. Hvar og hvernig eru Leirar?

Leirar eru c.a. 300 metra norðaustur frá efrivöllum (Þingvöllum).

Þeir eru framburður úr lækjum ofan við Almannagjá, uppgrónir.

Voru nytjaðir til beitar frá Hrauntúni og Skógarkoti.

69. Hvernig er Þrívarðnagjá? Djúpar gjárhólur? Hættulegar?

Hvar og hvernig er Leiragjá?

70. Af hvaða helli dregur Hellishóll nafn sitt?

Veit ekki hvar er.

71. Var Gamlistekkur frá Hrauntúni?

Í miðjum Skyggnum.

72. Er vitað um tilefni nafnanna Þorsteinshóll?

Kolgerðir?

Voru um allt hraun.

Jarpmerarhóll, Grýlupollar?

Sleðás?

Sleðás er langur háls, sem gengur suðvestur úr Ármannsfelli, sunnan við Bolabás. Hann var að mestu víði vaxinn.

Gróðri hefur heldur hrakað.

73-74. Hvar er Brúnavarða? Sést hún enn? Tilgangur? Gott væri að fá nánari lýsingu og staðsetningu á Sandskeiðum?

Brúnavarða er á efstu brún á leið að Hrauntúni, frá Skógarkoti.

Þaðan mun fyrst sjást til bæjarins.

Sandskeið er árunnið svæði, í suður frá Sleðás, neðst þar í gegn, liggur forn gata niður Þrívarðnaskóg og austan við Leiragjá niður á Þingvöll um Sandhóla.

75. Hvernig er Nibba?

Er vitað um tilgang Kerjavörðu? Sést hún enn?

Í norðvestur frá Hrauntúni. Hætta var hér fyrir fé.

76. Heitir hólaröðin norður frá Hrauntúni ekki neitt? *Lambagjárhraun*.

77. Sést fyrir réttunum suður af Sleðáas?

Já.

78. Hvernig er Hellugjá?

Hellugjá er sprungusveimur, byrjar í Grímsvörðuhólum, með stefnu suðvestur, hverfur á köflum, en opnast suðvestan við Krókhóla. Þaðan norðan við Skógarhóla (utan) norðan við Svuntubala ber vel á gjánni, þar sem Þingvallavegurinn neðri liggur yfir gjána og endar úti í Lambhaga.

Hvernig er Háagjá?

Háagjá er framhald af Leiragjá *Sandhólagjá*, kemur vel í ljós suðvestan við Sandhóla, er nokkuð djúp á köflum og sér í vatn á stöku stað. Hún endar í vatninu norðan við Lambhaga.

Hvernig er Silfra og Silfruhóll? (Silfruhæð, Fjósaklif)?

Silfra og Silfruhóll er sunnan við veginn, sem liggur að Valhöll, hún ber nafn af hvað hún er tær. Hún endar í vatninu norðan við Lambhaga.

79. Var Dagmálahóll eyktamark frá Þingvöllum? Eru gjár í honum.

Já. Kollagjá.

80. Heitir vatnið Leira frá Leirugjá til Þingvalla (eða er það landið á þessu svæði, sem heitir svo?) Þar varð landsig.

81. Var Miðmundartún eyktamark (frá Þingvöllum)?

Já.

82. Sagt er um Biskupshóla, að þeir séu „norðan við Þingvallabæ, vestan traðanna“. Hvaða traðir er átt við.

Heimreið að Þingvallabæ og kirkju, frá norðaustri.

83. Hvar er Klukkuhóll? Er vitað um tilefni nafnsins?

Klukkuhóll er strýtumyndaður hóll austan við stíginn.

84. Hvar er Kirkjutún? Stendur kirkjan á því eða er það austan við hana?

Kirkjan stendur á túninu.

85. Er vitað um tilefni nafnanna Kattargjá, Skötutjörn, Seiglur (hvernig eru þær?), Nautabúfa, Biskupsvarða, Fjárhúshóll (hvar er Fjárhúshólshryggur) .

Seiglur: gjársveimur. Fjárhúshólshryggur: Ekki til.

Hvar og hvernig er Vatnsdalshæð og Vatnsdalur?

Á leið frá Skógarkoti. Vatnsdalshæð norðan í dalnum.

86. Hvar var klakhúsið? Sést fyrir því enn? Nei Jú

87. Var Stöðull (239) einnig nefndur Þingvallastöðull (bls. 158, neðarlega)?

88. Hvar og hvernig er Steinbogi?

Á Háugjá á Kirkjuvegi frá Skógarkoti.

89. Hvert og hvaðan lá Brúnstígur? En Gönguvegurinn?

90. Gott væri að fá nánari lýsingu á Svuntubala (og staðsetningu).

Svuntubali er við kirkjuvegin frá Skógarkoti. Austan við Hellugjá.

91. Hvaðan er Nónhæð „nónsmerki“? Frá Skógarkoti.

92. Er vitað, hvaða tilgangi Digravarða hefur þjónað.

Sést hún enn?

93. Hvernig er Gjáhóll?

Hef lýst honum.

94. Hellu- eða Hellholt? Er vitað hvers vegna það er nefnt svo?

Hellholt er vestan við túnið í Skógarkot. Hóllinn snýr norður-suður, sléttur að ofan, mosavaxinn. *Hefur verið áningarstaður ferðamanna.*

Lýtingsvarða? Er vitað um tilgang hennar? Sést hún enn?

Hvert liggur gönguvegur yfir Hellholt hjá Lýtingsvörðu?

Lýtingsvarða og hellholt eru við göngustíginn, sem liggur til Þingvalla. *Kirkjugatan frá Skógarkoti.*

95. Hvernig eru Krókhólar? Er vitað um tilefni nafnsins?

Krókhólar eru 3 hólar, með djúpum dölum, mosavaxnir.

96. Hvar og hvernig eru Sandhólar?

Sandhólar eru suðvestur frá Leirum. Sandfok frá Leirum hefur haldið þeim við.

97. Hvað er átt við, þegar sagt er, að á Háugjá sé stígur, sem vegurinn liggir yfir (sjá bls. 159, neðarl.?)

Stígurinn yfir Háugjá er á götu, sem liggur frá Skógarkoti.

98. Hvernig er Vallagjá? Gott væri að fá lýsingu og staðsetningu á Flosagjá og Nikulásargjá og hvar Vallagjá tekur við af þeim.

Í suður frá Köstulunum má ganga yfir niður[?] gjána þar sem þær sameinast.

99. Hvar er hinn eiginlegi Þingvöllur eða -vellir? Bls159 er sagt: „Vallastígur heitir þar, sem vegurinn liggur yfir Vallagjá, og er þá komið á Þingvöll“. Efri vellir.

Frá Skógarkoti.

100. Hvar er Skyrklif það, er Skyrklifshólar eru við kenndir?

Er vitað um tilefni þessara nafna?

Skyrklifshólar eru í vestur frá Sandhólum. Klifið er milli hólanna.

101. Hvernig eru Sandhólar nú? Grónir?

Hvar er Sandhólastígur og hvernig.

Sandhólastígur er vestan við hólana. Þar liggur gjáin niðri. Þarna lá gömul gata, niður með Leiragjá að sunnan, alla leið frá Sandskeiði og innar.

102. Hvernig er Jónsstígur? Er vitað um tilefni nafnsins?

Nei. *Smalastígur.*

103. Leiru- eða Leirastígur? Hvaðan og hvar lá Leiragata?

Leirastígur þar sem gatan lá frá Hrauntúni og önnur gata frá Skógarkoti.

104. Gott væri að fá lýsingu og staðsetningu Bolabáss.

105. Sleðaás- eða Sleðásgjá? Milli hvaða gjáa er Sleðáshraun?

Milli Almannagjár og Sleðásgjár.

106. Hvar og hvaðan voru fjárhús þau, er Fjárhúsmúli er við kenndur? Hvernig er hann?

Gengur niður í suðvestur úr Ármannsfelli.

107. Hvar eru Vellirnir efri (bls 160, neðst)? Voru Þingvellir oftast nefndir Vellir í daglegu tali?

Já.

108. Hvar og hvernig er Langistígur?

Er trúlega leiðin á Þingvöll, sem fær var með hesta.

109. Gott væri að fá nánari lýsingu á Snóku. Er vitað um tilefni nafnsins?

Snóka er í Almannagjá, innan við Langastíg, er djúp en vel gróin í botninn. Samanber nafnið Snóksdalur, lýsing á lögun.

110. Hvar rennur Leiralækur?

111. Hvar er Tæpistígur? Er hann þar sem nýi vegurinn liggur?

Já.

Er vitað, hvers vegna hann er nefndur svo?

Var aðeins göngustígur.

En Hvannagjá? Gott væri að fá lýsingu á henni?

112. Hvar er Leynistígur? Er vitað um tilefni nafnsins?

113. Hvar var Múlakot? Er vitað, hvenær var búið þar?

114. Gott væri að fá upplýsingar um torfristu, ef einhver var þarna á bæjunum. Mótekja hefur væntanlega engin verið í hrauninu? Var eingöngu notað hrís.

Í Brúsastaðamýri var torfrista frá Skógarkoti, notað á hey.

115. Í landamerkjalyýsingu Þingvalla koma fyrir nokkur nöfn, sem ekki er skráð í grein Ásgeirs Jónassonar, svo sem Langitangi = Sauðanes (?), Prestvegur, Rauðshóll, Innri-Gaphæðir, og utan hraunsins Hrafnabjörg, Þúfuhóll, Tindaskagi, Tröllatindur, Skjaldbreiður, Leirárhöfði, Kvikfjáryndisfjall, Mjóasúla eða Háasúla, Myrkavatn, Kjölur, Búrfellsgil, Öxará, Brúsastaðamýri, Brúsastaðabrekkur.

Gott væri að fá lýsingu og staðsetningu þessara örnefna, einnig þeirra, sem eru utan þess svæðis, sem lýst er í greininni. E.t.v. má bæta einhverjum nöfnum þar við.

Langitangi er á mörkum Arnarfells og Mjóaness.

Rauðshóll er innan við Selstíg á Hrafnagjá.

Innri-Gaphæðir eru við *Gaphæðagjá* í Þingvallahrauni.
Hrafnabjörg skipta landamörkum á norðvestur horni til suðaustur horni á löndum Þingvallahrepps og Grímsneshrepps.
Þúfuhóll er suður frá Hrafnabjörgum. Þaðan lína um Eldborg, Stóradímon Hamrasel. Í norður eru mörkin frá norðvestur horni Hrafnabjarga um Hlíðarstíg á Hlíðargjá inn á gjána móts við Goðaskarð í há Gatfell. Þaðan í Hrúðurkatla, sem eru innarlega á Kaldadal. Þetta eru mörkin á milli Þingvallahrepps og Grímsnesafréttar.
Tröllatindar eru við norðaustur horn Hrafnabjarga, svo kemur allbreiður heiðarfláki þar fyrir innan. *Tindaskagaheiði*.
Tindaskagi skörðóttur fjallgarður og nær inn að Skjaldbreið með frekar breiðu skarði á milli. *Klukkuskarð*.
Norðan við afrétt Þingvallahrepps eru að austan suðurendi Myrkavatns, Kvikfjáryndisfjall, Háasúla, Leggjabrjótur, Myrkavatn og Kjalarhorn.
Búrfellsgil tekur við vatni frá austurhluta Kjalar, verður hlið Búrfells, rennur sunnan við Búrfell í Öxará við Brúsastaðabrekkur.
Brúsastaðamýri er austan við Öxará, var slægnaland frá Skógarkoti.

Ég tel mig hafa skráð það helsta.

Kristján Jóhannsson frá Skógarkoti.

Stafrófsröð örnefna⁷

Almannagjá	68, 105, 109	Gjáarendar	6
Arnarfell	2, 13	Gjábakkastígur	4
Austfirðingavegur	1	Gjáhóll	56, 93
Ámundahólar	14	Goðaskarð	1, 32, 115
Ármannsfell	72, 106	Goðaskógur	53
Biskupshólar	82	Gráavarða	62
Biskupsvarða	85	Gráuklettur	55
Bolabás	72, 104	Grenhóll	31
Brunabrekkur	9	Grímsvörðuhólar	78
Brunnklettur	58	Grunnhólar	44
Brúnavarða	73	Grýlupollar	72
Brúnkolluhöfði	2, 33, 37	Gönguvegur	89
Brúnstígur	89	Hallstígur	3, 12
Brúsastaðabrekkur	115	Hallur	4, 14
Brúsastaðamýri	114, 115	Hallvík	4, 6, 11
Búrfellsgil	115	Hamrasel	115
Bæjargjá	35	Harðhaus	57
Böðvarshóll	14	Hágjá	97
Dagmálahóll	79	Háasúla	115
Dagmálavík	48	Hábrún	9, 15, 19, 21
Davíðsgjá	6	Hálfavarða	67
Digravarða	92	Háskygnirahólar	41
Djúpudalur	60, 63	Heiðagjá	34
Efra-Apavatn	8	Hellholt	94
Einiberjahæðir	39	Hellishóll	70
Eldborgir	32, 115	Hellishæð	8, 21, 23, 28
Eyður	20	Hellisvarða	54
Eyvindarhóll	65	Hellubali	55
Fjárhúsbrekkur	14	Hellugjá	78, 90
Fjárhúshóll	85	Hlíðarflár	35, 37
Fjárhúshólshryggur	85		32, 35, 38,
Fjárhúsmúli	106	Hlíðargjá	115
Fjósaklif	78	Hlíðarharun	37
Flekkuhóll	28	Hlíðarstígur	38, 115
Flosagjá	98	Hofmannaflöt	32
Fornasel	13	Hrafnabjargarháls	32, 34
Fuglstapapúfa	45	Hrafnabjörg	32, 34, 115
Gamlistekkur			2, 8, 9, 12,
(Hrauntún)	71		21, 30, 32,
Gamlistekkur		Hrafnagjá	115
(Skógarkot)	51	Hrauntúnsgata	61
Gaphæðargjá	33, 115	Hríshöfðar	9, 20, 25
Gaphæðir	9, 30, 38	Hrúðurkatlar	115
Gatfell	1, 115	Hrútaklettur	63
Gildruhólt	32, 37	Hvannagjá	111
Gildruhóltsgjá	32, 35	Höfðar	20

⁷ Feitletruð örnefni vísa til meginumfjöllunar þeirra.

Innri-Gaphæð	33, 115	Magnúsarklettur	27
Jafningjar	59	Markvarða	64
Jarpmerarhóll	72	Melur	9, 20, 50
Jónsstígur	102	Miðmundartún	81
Kaldidalur	115	Mjóafell	
Kastalar	98	(fremra/innra)	1, 35, 42
Kattargjá	85	Mjóafellshraun	1
Kerjavarða	75	Mjóafellsvarða	42
Ketilhöfðaklettur	25	Mjóaneshraun	34, 35
Ketilhöfði	25	Mjóasúla	115
Kirkjugata/-vegur	88, 94	Mosalág	9, 27, 57
Kirkjutún	84	Mosalágarhæð	9
Kjölur	115	Murtutangi	49
Klifhólar	45	Múlakot	113
Klukkuhólar	9, 19, 35	Músarhólar	27, 57
Klukkuhóll	83	Myrkavatn	115
Klukkuskarð	115	Möngudalur	57
Klukkustígshóll	22	Nautatangar	45
Klukkustígur	4, 8, 19, 28	Nautapúfa	85
Kolgerðir	72	Nibba	75
Kolgrafarhóll	66	Nikulásargjá	98
Kollagjá	79	Nónhæð	91
Krókhólar	78, 95	Nýi-Þingvallahellir	17
Krækjuklettur	12	Nýistekkur	16
Kvikfjáryndisfjall	115	Ólafsdráttur	14
Lambagjánhraun	76	Prestahraun	37
Lambhagi	78		2, 32, 33, 35,
Langistígur	108, 109	Prestastígur	37
Langitangi		Prestvegur	115
(Sauðanes)	2, 115	Raftviðarhlíð	9, 37, 53
Latvík	35	Rauðshóll	2, 21, 32, 115
Laugarvatn	8	Reyðarkambur	32
Lágafell	1	Rif	4
Lágbrún	9	Sand-Gíslahæð	57
Leira	80	Sandgígur	35, 36
Leiragata	103		74, 96, 100,
Leiragjá	69, 74, 80	Sandhólar	101
Leiralækur	110	Sandhólastígur	101
Leirar	68, 96	Sandskeið	74
Leirastígur	103	Sauðasteinar	45
Leirárhöfði	115	Seiglur	85
Leynistígur	112	Selhólar	29, 30
Litla-Grímsvarða	67	Selstígur	2, 32, 115
Litla-Hrauntún	1, 40	Sigurðarsel	8, 21
Litlagjá	8, 15	Sigurðarselsskógur	8
Litlavarða	67	Silfra	78
Litlugjáarhóll	15	Silfruhóll	78
Lýtingsvarða	94	Silfruhæð	78
Magnúsarklettsskógur	9, 27	Skjaldbreiður	35, 115
		Skógarhólar	78

Skógarkotshellir	54	Vaðmálsbali	55
Skógartögl	34	Vallagjá	98
Skúti	8, 18	Vallastígur	99
Skyggfir	57	Vatnsdalshæð	85
Skyggfirar	71	Vatnsdalur	85
Skyggfisvarða	67	Vatnskotsgata	56
Skyrkli	100	Vatnsvík	7, 15, 18
Skyrkli	100	Veiðigata	46, 55
Skötutjörn	85	Veiðistígur	12
Sláttubrekka	43	Vellankatla	5, 14
Sláttubrekkur	9, 26	Vellir (Þingvellir)	107
Sleðás	72, 74, 77	Vellirnir efri	107
Sleðásgjá	105	Viðarklettur	19
Sleðáshraun	105	Víðivellir	32, 43
Smalavarða	27, 62	Vörðuvík	47
Snóka	109	Þingvallahellir	8
Sogið	3	Þingvöllur	99
Sogsvegur	35	Þorkelsklettur	24
Steinbogi	88	Þorsteinshóll	72
Stekkjarvarða	9	Þorsteinsvarða	64
Stórustekkjarvarða	51	Þórhallastaðir	8, 21
Stóravarða	67	Þrivarðnagjá	69
Stóri-Dimon	32, 115	Þrivarðnaskógur	74
Stöðull	87	Þrívörður	67
Svinanes	34	Þuríðarvarða	45, 47
Svínhólar	9, 21, 32	Þúfuhóll	115
Svuntubali	78, 90	Þverhóll	57
Söðulhólagjá	35, 36	Öfugsnáði	45, 46
Söðulhólar	36	Ögmundarhólar	14
Tindaskagi	115	Ölkofra	52
Tjarnir	7, 14, 45	Ölkofradalur	52
Tröllatindur	115	Ölkofrahóll	52
Tvívörður	64	Öxará	115
Tæpistígur	111		

Jóna Kristjánsdóttir veitti góðfúslega ljósrit af þessari skrá, ásamt öðrum örnefnaskráum sem Kristján Jóhannsson ritaði milli 1982-1984. Halldór Pétur Þrastarson hafði þar milligöngu. Gunnar Grímsson, landvörður í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, færði í tölvutækt form í nóvember 2024. Uppsetning er höfð nákvæmlega eins og frumritið sem og stafsetning örnefna. Einstaka innsláttarvillur eru leiðréttar og spurningar hafa verið feitletraðar.

Þessi spurningalisti er saminn út frá örnefnaskrá Ásgeirs Jónassonar frá Hrauntúni, „Örnefni í Þingvallahrauni“, sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1937-1937, bls. 147-163.